

REGLUR

um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála í Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðna um stjórn mála og stjórnsýslu.

Stofnunin heyrir undir stjórn málafræðideild á félagsvísindasviði. Hún starfar sem sjálfstæður aðili í tengslum við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Forseti félagsvísindasviðs gerir samstarfssamninga um stofnunina við aðila utan Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er:

- a. að efla framhaldsnám, starfsmenntun, rannsóknir og nýsköpun á sviði stjórnsýslu og stjórn málafræði innan stjórn málafræðideildar,
- b. að standa að samstarfs- og samræðuvettvangi fræðimanna í þeim tilgangi að auka samstarf, efla rannsóknir og nýsköpun á fræðasviðum stjórn málafræðideildar,
- c. að aðstoða við öflun samstarfsaðila, öflun fjár, ráðgjöf, framkvæmd og utanumhald rannsóknarverkefna eftir atvikum í samvinnu við Félagsvísindastofnun,
- d. að efla tengsl milli fræðasamfélagsins í Háskóla Íslands og forystumanna í þjóðlífi (stjórn málamanna, stjórnsýslunnar, forystumanna atvinnulífs og hagsmunasamtaka), m.a. með fundum, ráðstefnum og útgáfu,
- e. að stuðla að þverfaglegri samvinnu innan Háskóla Íslands á sviði stjórnsýslu og stjórn mála,
- f. að stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samstarfsverkefnum á sviði stjórnsýslu og stjórn málafræði,
- g. að veita ráðgjöf um stefnumótun vegna framhaldsnáms stjórn málafræðideildar,
- h. að halda utan um gagnasafn stjórn málafræðideildar,
- i. að sinna kynningarstarfi fyrir stjórn málafræðideild og veita framhaldsnemendum ýmsa þjónustu,
- j. að standa fyrir námskeiðahaldi, ráðstefnum og málþingum á sviði stjórnsýslu og stjórn mála og miðlun upplýsinga þar um,
- k. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna, m.a. ritröð um íslenska stjórn málafræði, auk þess að hafa umsjón með útgáfu á tímaritinu Stjórn málafræði og stjórnsýsla,
- l. að skapa lífandi umræðuvettvang um stjórn málafræði og stjórnsýslu,
- m. að sinna þjónustu á sviði stjórnsýslu og stjórn málafræði fyrir félagsvísindasvið og aðra aðila, innan og utan Háskóla Íslands.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

Stjórn.

Forseti félagsvísindasviðs skipar stofnuninni sex manna stjórn til þriggja ára. Deildarfundur í stjórn málafræðideild tilnefnir þrjá menn í stjórnina og rektor Háskóla Íslands einn. Forseti

félagsvísindasviðs skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar m.a. frá samstarfsaðilum stofnunarinnar sem samningar hafa verið gerðir við, sbr. 1. gr. Í stjórn skulu sitja bæði karlar og konur og skal þess gætt að hlutfall hvors kyns sé ekki minna en 40%, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stjórnin kýs sér formann úr hópi fulltrúa stjórnsmálafræðideildar.

5. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir breflega eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfundir óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti stjórnsmálafræðideildar, forseti félagsvísindasviðs eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formanns-störfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta stjórnsmálafræðideildar.

6. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar gagnvart deild og forseta félagsvísindasviðs, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar og forseta fræðasviðs um fjárveitingar og skiptingu þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

7. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Heimilt er að ráða stofnuninni forstöðumann. Forseti félagsvísindasviðs ræður forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar.

Forstöðumaður stofnunarinnar annast daglegan rekstur hennar, þar á meðal eftirlit með starfsmönnum hennar, fjármálum og rannsóknarverkefnum. Forseti félagsvísindasviðs setur forstöðumanni erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

8. gr.

Fjármál.

Tekjur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

- a. framlag frá stjórnsmálafræðideild,
- b. framlag frá samstarfsaðilum,
- c. styrkir til einstakra verkefna,
- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- e. tekjur af útgáfustarfsemi, námskeiða- og ráðstefnuhaldi,
- f. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Stofnunin hefur sjálfstætt fjárhald en stjórnsmálafræðideild og forseti félagsvísindasviðs bera á henni fjárábyrgð. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundum og samþykkt af forseta félagsvísindasviðs. Uppgjör skal kynnt forseta stjórnsmálafræðideildar og forseta félagsvísindasviðs.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 73. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, að fenginni tillögu stjórn málafræðideildar og stjórnar félagsvísindasviðs, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 495/2002 um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála í Háskóla Íslands.

Háskóla Íslands, 15. júní 2010.

Kristín Ingólfssdóttir.

Dórður Kristinsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 2. júlí 2010